



Hraunvallaskóli

VINÁTTA - SAMVINNA - ÁBYRGÐ

Hafnarfjörður
Grunnskólar Hafnarfjarðar
Skólanámskrá

Skólanámskrá Hraunvallaskóla

II. og III. hluti



I. bekkur

Skólaárið 2021 - 2022

Skólanámskrá Hraunvallaskóla.

Útgefin 2021.

Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf), send foreldrum nemenda í tölvupósti og birt á heimasíðu skóla.

© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Útgáfustaður: Hafnarfjörður.

Ábyrgð: Lars Jóhann Imsland (skólastjóri Hraunvallaskóla)

Útgefandi: Hraunvallaskóli (Hafnarfjarðarbær)

Drekavöllum 9

221 Hafnarfjörður

netfang: hraunvallaskoli@hraunvallaskoli.is

veffang: <http://www.hraunvallaskoli.is>



FORMÁLI

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	3
EFNISYFIRLIT	3
Inngangur	5
II. Skólastarf I. bekkjar	6
II.1. Samantekt kennslu í I. bekk	7
II.2. Áherslur grunnþátta menntunar í I. bekk	8
II.3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í I. bekk	10
II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagiöf	10
II.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi	11
II. Náms svið og námsgreinar	12
I. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál	12
A. Íslenska	12
I.1. Talað mál, hlustun og áhorf	12
I.2. Lestur og bókmenntir	13
I.3. Ritun	14
I.4. Málfræði	15
B. Íslenska sem annað tungumál	16
2. List- og verkgreinar	18
A. hluti - listgreinar:	18
3.1. dans	18
3.2. Sjónlistir - myndmennt	19
3.3. Tónmennt	20
B. hluti - verkgreinar:	21
3.4. Heimilisfræði	21
3.6. Textílmenn og hönnun	22
4. Náttúrugreinar	23
5. Samfélagsgreinar	24
6. Skólaíþróttir	25
6.1. Íþróttir	25
6.2. Sund	27
7. Stærðfræði	29
7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði	29
7.2. Tölur, reikningur og algebra	29



7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfraði og líkindi	30
8. Upplýsinga- og tæknimennt	31



Inngangur

Í lögum nr. 91 um grunnskóla frá 12. júní 2008 stendur að í hverjum skóla skuli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti, mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega. Skólanámskrá Hraunvallaskóla er lögð fram til samþykktar af skólaráði Hraunvallaskóla og Fræðsluráði Hafnarfjarðar.

Skólanámskrá samanstendur af tíu bekkjarnámskrám í heildstæðum grunnskóla. Þetta plagg er ein bekkjarnámskrá og skiptist í inngang (saga skóla) og þrjá meginhluta auk viðauka. I. hluti kynnir menntastefnu skólans sem hefur að geyma þær helstu atriði sem skólinn leggur áherslu á í framkvæmd skólastarfsins. II. hluti kynnir skipulag og sameiginlega þætti í starfsemi viðkomandi bekkis/árgangs. III. hluti er kynning á námssviðum og námsgreinum sem eru hluti náms og kennslu í viðkomandi bekk. Viðauki er loks með upplýsingar og viðmið um gerð skólanámskrárinnar og kynnir uppbyggingu hennar. Viðaukinn er sameiginlegur fyrir alla grunnskóla bæjarins. Framsetning skólanámskrár er á þann hátt að fyrsti hluti er eitt skjal, annar og þriðji hluti eitt skjal og viðauki er eitt skjal.

Hafa ber í huga að starf í grunnskólum tekur alltaf einhverjum breytingum frá ári til árs og því er nauðsynlegt að endurskoða skólanámskrána á hverju ári svo alltaf megi þar finna nýjustu upplýsingar um skólastarfið. Það skiptir einnig miklu máli að allir þeir sem koma að starfinu í skólanum, nemendur, foreldrar og starfsmenn kynni sér vel inntak hennar og séu því vel kunnugir. Allar ábendingar um það sem betur má fara í starfi skólans eru vel þegnar. Skólanámskrá Hraunvallaskóla er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Grunnskólar Hafnarfjarðar
Skólanámskrá



II. Skólastarf I. bekkjar

Í I. bekk í Hraunvallaskóla eru 44 nemendur. Bekkurinn skiptist í 3 umsjónarhópa 14 -15 nemendur í hóp.

Stundaskráin er samansett af vinnu á heimasvæði, íþróttum, sundi og smiðjum, þ.e. myndmennt, dansi, heimilisfræði, textílmennt, tónmennt, og upplýsingatækni. Kennt er í þremur lotum yfir daginn og hver þeirra er 80 mínútur. Viðhafðar eru fjölbreyttar kennsluaðferðir til að mæta þörfum nemenda og er ýmist unnið einstaklingslega, í paravinnu, í hópum, í gegnum leiki, umræður, ritun o.s.frv.

Mikil áhersla er lögð á byrjendalæsi í I. bekk. Nemendur læra bókstafi í tengslum við bókmenntir. Lagður er inn einn til tveir bókstafir á viku.

Sérkennari vinnur með nemendum á svæðinu í ákveðnum kennslustundum, skóla- og frístundaliðar fylgja hópnum alla daga.

Hver umsjónarhópur hefur einn heimakrók og sameiginlegt vinnusvæði. Þar fara kennarar yfir dagsskipulagið, sem sýnilegt er á töflu fyrir nemendur, ræða við nemendur um það sem er á döfinni, leitast við að leysa mál sem upp hafa komið, leggja inn námsefni o.s.frv.

Mikið er lagt upp úr góðu foreldrasamstarfi. Foreldrar fá sendar upplýsingar vikulega um starfið og grófa áætlun fyrir komandi viku í gegn um Mentor. Einnig setja kennarar reglulega inn upplýsingar um skólastarfið á facebooksíðu árgangsins Hraunvallaskóli 2015. Nemendur fá heimalestrarbækur við hæfi hvers og eins. Mikil áhersla er lögð á daglegan heimalestur.

Umsjónarkennarar hópsins eru: Helga Fanney Jónasdóttir, Ivanka Sljivic og Katrín Kristjánsdóttir .



II. I. Samantekt kennslu í I. bekk

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

Námssvið	Námsgreinar	Tímafföldi í skóla á viku
1. Íslenska	1.1. Talað mál, hlustun og áhorf 1.2. Lestur og bókmenntir 1.3. Ritun 1.4. Málfræði	1 5 2 1
2. Erlend tungumál	2.1. Enska	0
3. List- og verkgreinar	<i>A Listgreinar:</i> 3.1. Sviðslistir (dans og leiklist) 3.2. Sjónlistir (myndmennt) 3.3. Tónmennt <i>B Verkgreinar:</i> 3.4. Heimilisfræði 3.5. Textílmennt og hönnun	3 1 1 1 2 1 1
4. Náttúrugreinar	4.0. Náttúrufræði	3
5. Skólaíþróttir	5.1. Íþróttir 5.2. Sund	2 tímar 1 tími
6. Samfélagsgreinar	6.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði 6.2. Jafnrétti og lífsleikni 6.3. Landfræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði	1 1,5 1,5
7. Stærðfræði	7.0. Stærðfræði	5
8. Upplýsinga- og tæknimennt	8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni	0 1
9. Val	9.1.	0
Alls		30



II.2. Áherslur grunnþátta menntunar í I. bekk

Í þessum árgangi eru áherslur sex grunnþátta menntunar eftirfarandi í samræmi við stefnu skólans og samhæfir áherslum skólans um forvarnir.

Áherslur grunnþátta menntunar eru settar fram í markmiðum

Grunnþáttur menntunar	Áhersluatriði
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:	<p>Það er unnið með <i>heilbrigði og velferð</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur temji sér að koma með hollt og gott nesti í skólann. • Að nemendur fræðist um mikilvægi þess að nota hjálm við hjólreiðar. • Að nemendur fræðist um tannhirðu og mikilvægi þess að temja sér hollt mataræði. • Að nemendur hafi aðgang að ávöxtum og grænmeti daglega í skólanum. • Að nemendur fái heilsuskoðun þar sem mæld er sjón, þyngd og hæð. • Að nemendur temji sér hreinlæti. • Að nemendur fái tækifæri til að hreyfa sig reglulega • Að nemendur fái fræðslu um hin þrjú gildi skólans, vináttu, samvinnu og ábyrgð, með umræðum og verkefnavinnu. • Að nemendur fái tækifæri til að efla vináttutengsl með hópefli í vinaviku þar sem unnið er markvisst með vináttuna. • Að nemendur fái tækifæri til að spreyta sig á fjölbreyttum verkefnum þar sem reynir á beitingu hugar, hreyfingu og samvinnu milli árganga. • Að nemendur fái fræðslu um mikilvægi þess að gæta að þyngd skólatöskunnar og þess hvernig hún er borin.
JAFNRÉTTI:	<p>Það er unnið með <i>jafnrétti</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur fái jöfn tækifæri til náms. • Að komið sé til móts við mismunandi þarfir nemenda. • Að nemendur fái kennslu og námsefni miðað við sínar þarfir og læri að það eru ekki allir eins. • Að notaðar séu fjölbreytilegar aðferðir við kennslu til að mæta þörfum sem flestra nemenda. • Að nemendur læri að bera virðingu fyrir fjölbreytileika í menningu og siðum. • Að nemendur læri að virða mismunandi trúarskoðanir.
Grunnþáttur menntunar	Áhersluatriði



LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:

Það er unnið með *lýðræði og mannréttindi* í árganginum þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:

- Að nemendur fái tækifæri til að tjá sig og sínar skoðanir fyrir framan aðra.
- Að nemendur læri að bera virðingu fyrir ólíkum skoðunum, þjóðerni og tungumálum.
- Að nemendur temji sér að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.
- Að nám nemenda og frammistaða sé metið með fjölbreytilegum hætti.
- Að nemendur fái tækifæri til að meta eigin frammistöðu í smíðjum.
- Að tekið sé tillit til sérstakra þarfa í mataræði nemenda s.s. vegna trúarbragða eða óþols.

LÆSI:

Það er unnið með *læsi* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:

- Að nemendur læri lestur með fjölbreytilegum aðferðum Byrjendalæsis þar sem unnið er út frá bókum. Lögð er áhersla á orðaforða og stafi í tengslum við þá bók sem tekin er fyrir hverju sinni.
- Að staða nemenda í læsisferlinu sé könnuð með reglubundnum hætti með því að beita prófinu Leið til læsis
- Að nemendur fái lestrarþjálfun daglega með heimalestri, þar sem litið er á lestrarnámið sem samvinnu milli heimila og skóla.
- Að nemendur fái þjálfun í að lesa í umhverfi sitt og læri að bera virðingu fyrir því.
- Að nemendur læri skólareglurnar með aðferðum SMT.
- Að nemendur verði læsir á tölur og geti beitt einföldum aðgerðum við lok fyrsta bekkjar.

SJÁLFBÆRNI:

Það er unnið með *sjálfbærni* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:

- Að nemendur læri um umhverfisvernd og mikilvægi þess að flokka og endurnýta
- Að nemendur temji sér góðan frágang og umgengni innan sem utan skóla.
- Að nemendur læri að taka sameiginlega ábyrgð á umhverfi sínu.
- Að samvinna og samkennd sé höfð að leiðarljósi í öllu starfi með nemendum innan skóla og utan.
- Að stuðla að samvinnu milli leikskóla og grunnskóla með heimsóknum leikskólabarna.

SKÖPUN:

Það er unnið með *sköpun* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:

- Að nemendur fái tækifæri til skapandi vinnu í skólastarfinu
- Að nemendur öðlist færni í að virkja sinn eigin sköpunarkraft.



- Að nemendur fái tækifæri til að læra stærðfræði og lestur með skapandi aðferðum.
- Að nemendur fái heimanám sem er fjölbreytt og skapandi

II.3. Kennsluáætlun, kennsluáætlanir og kennslugögn í I. bekk

i. Kennsluáætlun

Unnið er í opnu rými á einu heimasvæði. Á heimasvæði er 3 heimakrúkar þar sem farið er yfir dagskipulagið, námsefni lagt inn og ýmis málefni rædd. Umsjónarkennararnir eru 3 í teyminu auk þess sem skóla- og frístundaliðar, þroskaþjálfari og sérkennarar vinna með teyminu. Áhersla er lögð á fjölbreytta kennsluhætti til að mæta þörfum hvers og eins.

ii. Kennsluáætlanir

Fyrir hverja viku er útbúin vikuáætlun. Í hverri viku fá nemendur heimanám sem er lestur og orðaskrift.

iii. Náms- og kennslugögn

Námsbækur og almenn kennslugögn skóla:	<ul style="list-style-type: none"> • Sproti 1a nemenda- og æfingahefti og Sproti 1b nemenda- og æfingahefti • Ýmsar byrjendalæsisbækur • Komdu og skoðaðu húsdýrin • Komdu og skoðaðu líkamann • Numicon
Ritföng nemenda og persónuleg hjálpargögn sem nemendur þurfa að hafa á hverjum tíma:	<ul style="list-style-type: none"> • Skólataska • 1 strokleður • lokaðan yddara • blýant • 1 stk. A4 stílabók • A4 sögubók • Verkefna- og úrklippubækur • Trélitir • Vaxlitir • Límstifti • Spilastokkur • Oddlaus skæri

II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.

Mikið er lagt upp úr góðu foreldrasamstarfi. Foreldrar fá sendar upplýsingar vikulega um starfið og grófa áætlun fyrir komandi viku í gegn um Mentor. Einnig setja kennarar reglulega upplýsingar um skólastarfið inn á facebooksíðu árgangsins Hraunvallaskóli 2015. Nemendur fá heimalestrarbækur við hæfi hvers og eins. Mikil áhersla er lögð á daglegan heimalestur.

Foreldrar geta alltaf sent tölvupóst og kennarar svara eins fljótt og hægt er. Kennarar leggja sig fram við að kynnast öllum nemendum á sínu svæði þannig að foreldrar geti leitað til allra umsjónakennara.



Kennarar skrá upplýsingar um nemendur í mentor svo foreldrar geti fylgst með. Bekkjartenglar vinna með kennurum þegar viðburðir eiga sér stað í skólanum og einnig þegar þeir skipuleggja atburði utan skóla.

II.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi

Námsmat í bekknum greinist í þrennt, leiðsagnarmat, stöðumat og lokamat (út frá hæfniviðmiðum). Framkvæmdin í árganginum er með þessum hætti:

a. Leiðsagnarmat.

Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Í því felst að kennarar nota ýmsar leiðir til að styðja við og leiðbeina nemendum að ná árangri.

b. Stöðumat.

Stöðumat fer fram 2 sinnum á skólaárinu með viðtali nemanda og foreldra með umsjónarkennara. Tilgangur stöðumatsins er að veita mat á stöðu nemenda til þeirra sjálfra og aðstandenda þeirra, til að hjálpa þeim til að ná frekari árangri í náminu. Mat birtist í hæfnikorti nemanda í Mentor þar sem fram kemur hvort nemandi hefur náð þeim viðmiðum sem stefnt er að.

b. Lokamat:

Lokamat fer fram í lok skólaárs þar sem nemandi fær mat á náminu sínu yfir skólaárið. Meginmarkmið þess er að veita nemanda yfirsýn yfir stöðu sína eftir nám vetrarins. Mat birtist í hæfnikorti nemanda í Mentor þar sem fram kemur hvort nemandi hefur náð þeim viðmiðum sem stefnt er að. Einnig fær nemandi afhent vitnisburðarblað þar sem fram kemur hvort nemandi hefur náð viðmiðum eða þarfnast frekari þjálfunar.



II. Námssvið og námsgreinar

Í þessum hluta námskrárinnar er kynnt áætlun um það nám og kennslu sem stefnt er á að fari fram á skólaárinu í bekknum/árganginum. Aðalnámskrá grunnskóla skiptir viðfangsefnum skólstarfsins í átta skilgreind námssvið en hverju námssviði tilheyra mismargar námsgreinar. Fyrir hvert námssvið eru gefin út hæfniviðmið, námshæfni, fyrir 4., 7. og 10. í Aðalnámskrá en skólar útfæra fyrir aðra árganga. Sömuleiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju námssviði. Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólstarfinu sem öllum sé ljós.

Í einhverjum tilvikum fá nemendur sérstakt námsefni sem hæfa þeim betur en námsefni bekkjar og fá því sína eigin námskrá (að hluta a.m.k.) sem er nefnd einstaklingsnámskrá. Hún er utan þessa plaggs og unnin í hverju tilviki í samráði við aðstandendur viðkomandi nemenda eftir því sem við á.

I. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál

A. Íslenska

I.1. Talað mál, hlustun og áhorf

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- tjáð sig skýrt og áheyrilega frammi fyrir bekkjarfélögum sínum (L)
- farið í leiki sem gera kröfur um munnlega tjáningu.(L)
- sagt frá í samfelldu máli, stuttri frásögn eða eigin reynslu (L)
- tjáð sig við bekkjarfélaga og tekið tillit til skoðana annarra (L/V)
- kynnt vinnu sína fyrir bekkjarfélögum (L)
- endursagt og/eða lesið eigin sögur og ljóð upphátt fyrir bekkjarfélaga sína (L)
- setið hljóð(ur) og hlustað á á flutning annarra (L)
- farið eftir þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig (L)
- sungið algenga íslenska barnasöngva og tekið þátt í fjöldasöng (L)
- hlustað á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og flutt eru á annan hátt, t.d. af hljóð- eða myndbandi (L)
- hlustað á umræður bekkjarfélaga sinna (L)
- farið í leiki sem gera kröfur um að hlustað sé á og farið eftir munnlegum fyrirmælum (L)
- hlustað á fyrirmæli kennara og farið eftir þeim (L)
- skoðað myndir og sagt frá efni þeirra (L)
- Horft á leikþætti og söngatriði, ýmist á sviði eða af myndbandi (L)
- Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi (P/L).
- Tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn (L).
- Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu undir leiðsögn (P/L)
- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni (P/L)
- Unnið með heimildir í gegnum hlustun og sköpun (P/L)



- Kynnst upplýsingatækni og forritun (P)
- Kynnst hugtökunum upplýsinga- og miðlalæsi (P)
- Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og verið meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra (P/V)

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Að hlusta á fyrirmæli kennara og fara eftir þeim.
- Að þekkja þær reglur sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu.
- Að fá tækifæri til að hlusta á upplestur á stuttum og lengri sögum eftir íslenska og erlenda höfundu

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Barnabókmenntir og námsefni sem útbúið er út frá bókunum sem unnið er með hverju sinni.
- Myndefni í tengslum við viðfangsefni hverju sinni.
- Ýmsir barnasöngvar og þulur.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Unnið er með eina bók eða söngtexta. Nemandur hlusta þrisvar sinnum á lestur bókarinnar rýnt er í textann með mismunandi áherslum hverju sinni.
- Börn eru hvött til þess að taka þátt í umræðum um söguna og endursejja hana.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur til að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Einstaklingsmiðað nám, námsefni er aðlagð eftir getu nemenda.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Stuðst er við símat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda og vinnu í kennslustundum.

I.2. Lestur og bókmenntir

Tímafjöldi: 5 tímar (5 X 40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Nefnt hljóð stafanna (P/L)
- Þekkt hvað stafirnir heita (P/L)
- Greint öll hljóð í stuttu orði (P/L)
- Tengt saman hljóð í stuttu orði (2-4 orð) (P/L)
- Lesið einföld orð (P/L)
- Lesið einfaldar setningar (P/L)
- Lesið einfaldan texta (P/L)
- Þekkt einfalt rím (P/L)



- Klappað atkvæði í orði (P/L)
- Þekkt alla há- og lágstafi (P/L)
- Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs og hlustunar(P/L).

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Að vinna með fjölbreytt verkefni út frá bókum sem stuðla að auknum orðaforða, lesskilningi og málskilningi.
- Að vinna með verkefni sem örva nemendur til lesturs og ritunar.

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Bækur og námsefni sem útbúið er út frá efni hvarrar bókar.
- Léttlestrarbækur og yndislestrarbækur.
- Ýmsir barnasöngvar og þulur.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Unnið er eftir áherslum byrjendalæsis þar sem stuðst er við eindar- og heildaraðferð lesturs.
- Áhersla er lögð á samþættingu náms, þ.e. lesturs, ritunar, hlustunar og tals. Unnið er jöfnum höndum með samband stafs og hljóðs, öryggi, hraða og lesskilning. Því er unnið með hljóðvitund, réttiritun, skrift, orðaforða, setningabyggingu og málfræði samþætt en ekki í aðskildum verkefnum.
- Heimalestri á að sinna a.m.k. fimm sinnum í viku.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Einstaklingsmiðað nám, námsefni er aðlagð eftir getu nemenda.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Skimunarprófið Leið til læsis er lagt fyrir alla nemendur 1. bekkjar í október. Prófaðir eru helstu þættir sem leggja grunn að lestrarnáminu, en þeir eru: *málskilningur og orðaforði, bókstafa og hljóðabekking, hljóðkerfis og hljóðavitund*. Sérstaklega er unnið með þá þætti sem þarfnast frekari þjálfunar til að nemendur séu sem best undirbúnir fyrir lestrarnámið. Foreldrar eru upplýstir um stöðu síns barns.

Að vori er fjöldi rétt lesinna orða á mínútu metinn með hraðlestrarprófinu Lesferli. Að öðru leiti er stuðst við símat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda og vinnu í kennslustundum.

1.3. Ritun

Tímafjöldi: 2 tímar (2 X 40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Dregið rétt til stafs (P/L)
- Haft rétt grip (P/L)
- Haft bil á milli orða (P/L)
- Skrifað rétt á línu (P/L)
- Samið texta við eigin myndir og annarra og skrifað sjálfur eða með aðstoð (P/L)



- Skráð sjálfur eða með aðstoð frásagnir um atburði úr eigin lífi (P/L)
- Kynnst lyklaborði (P).
- Kynnst hugbúnaði/forritum fyrir einföld ritunarverkefni og töluleg gögn (P)
- Notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu (P/L)

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Að þjálfa fínhyringar með fjölbreyttum verkefnum og geta dregið rétt til stafs.
- Að nemendur semji texta við myndir og geti skrifað texta út frá eigin brjósti.

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Vönduð skriffæri.
- Skrifarbækur og úrklippubækur.
- Ýmis verkefni til að þjálfa fínhyringar.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Sýnikennsla frá kennara varðandi skriftarátt og form stafa.
- Ritunaræfingar, s.s. sporun forma og stafa, ritun há-og lágstafa bæði með og án forskriftar og sóknarskrift.
- Uppbygging sögu, upphaf, miðja og endir.
- Nemendur skrifa nokkur orð eftir upplestri heima.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Unnið er með ýmis verkefni út frá fínhyringu nemenda.
- Námsfni aðlagð að getu og úthaldi nemenda.

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Stuðst er við símat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda og vinnu í kennslustundum.

I.4. Málfræði

Tímafjöldi: 1 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- lært m.a. að þekkja hugtökin bókstafur, hljóð, orð og setning í tengslum við lestrarnám (P)
- notað tungumálið á fjölbreyttan hátt eins og t.d. með rími og orðaleikjum (P/L)
- farið með stafrófsvísuna (P)

ii. Viðfangsefni í náminu



Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Að nemendur þekki hugtökin bókstafur, hljóð, orð og setning.
- Að nemendur geti leikið sér með tungumálið, s.s. með rím- og orðaleikjum.

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Verkefni út frá bókum vikunnar.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Áhersla lögð á ýmsa námsleiki.
- Valin verkefni út frá námsbókum.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Verkefni valin út frá færni nemenda.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Stuðst er við símat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda og vinnu í kennslustundum.

B. Íslenska sem annað tungumál

Námssviðið Íslenska sem annað tungumál er ætlað að bæta íslenskukunnáttu þeirra sem hafa annað móðurmál en íslensku. Skipulag íslensku sem annars tungumáls á einstökum stigum grunnskóla tekur mið af aldri, þroska og þörfum nemenda.

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda á hverju stigi (lokamat):

i. Hæfniviðmið

- Hlustun og talað mál:
 - Skilið einföld skilaboð og brugðist við þeim (L)
 - Tjáð tilfinningar sínar og sagt frá hugsunum sínum og reynslu (L,V)
 - Spurt og beðið um útskýringar, meðal annars á einstökum orðum og orðatilækjum (L)
 - Borið fram helstu máhljóð í íslensku og talað með nokkuð skýrum framburði (P,L)
 - Tekið þátt í einföldu samtali og náð athygli viðmælanda (P,L,V)
- Lestur, bókmenntir og ritun:
 - Lesið og skilið texta við hæfi, s.s. námsefni og leitað eftir aðstoð þar sem skilning þrýtur (P,L)
 - Lesið og miðlað bókmenntum á móðurmáli sínu og nýtt þá reynslu við lestur á íslenskum barnabókum (P,L)
 - Notað íslenskt stafróf og tengst saman staf og hljóð (P,L)
 - Beitt einföldum reglum um stafsetningu (P,L)
 - Skráð athugasemdir og niðurstöður t.d. í samstarfshópi (P,L,V)
 - Skrifað stutta, einfalda frásögn, lýsingu eða skilaboð (P,L,V)



ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Orðaforði
- Hlustun
- Lestur og lesskilningur
- Ritun
- Málfræði og setningaruppbygging
- Frásögn og framburður

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Námsbækur: Íslenska nýja málið mitt 1 og 2, Kæra Dagbók 1, 2 og 3, Hitt og þetta (lestrar- og vinnubók), Íslenska fyrir alla 1 og 2, Íslenska vísar veginn, Tölum saman, Orðagull, Markviss málörvun, Leggðu við hlustir.
- Spil: Sagnorðaspilið, Fallorðaspilið, Orðasjóður (flettisþjöl og útprentanlegt efni af vef), Íslenski máhljóðakassinn.
- Smáforrit og vefir: Vefir af heimasíðu Menntamálastofnunar (mms.is), smáforrit af App Store.
- Annað: Verkefni frá kennara, Orðaforðalisti MMS.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- einstaklingskennsla
- kennsla í litlum hópum
- á heimasvæði árgangs

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- vinnubækur við hæfi hvers og eins
- spil og leikir
- umræður
- lestur bóka sem hæfa hverjum og einum

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- símat
- leiðsagnarmat
- stöðumat
- próf



2. List- og verkgreinar

A. hluti - listgreinar:

3.1. dans

Tímafjöldi: kennt í smiðju 2x á vetri. (40 mín. kennslustund 3x í viku u.þ.b. 6 vikur í senn).

Í danstímum er megináhersla lögð á að kenna grunnspor í samkvæmisdansi, gömlu dansana, línudansa og nýja vinsæla dansa. Með danskennslunni í Hraunvallaskóla er unnið markvisst að því að efla sjálfstraust, samvinnu, snertingu nemanda ásamt því að samræma hreyfingar þeirra í takt við tónlist. Gerð er krafa um almenna kurteisi og virðingu.

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Tjáð sig í hreyfingu við tónlist og tekið þátt í hreyfileikjum (L)
- Þekkt hugtökin hægri, vinstri, fram, aftur, hringur, röð (Þ)
- Gert hliðar saman hliðar (L)
- Þekkt mun á hæl og tá (Þ)
- Virt samskiptareglur (Þ/V)
- Dansað að minnsta kosti grunnspor í tveimur samkvæmisdönsum (Þ/L)
- Dansað léttan tískudans (L)

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Chasse
- Vínarvals
- Skósmiðadans m/chasse
- Fingrapolki m/chasse
- Hægri hönd
- Hermannstvist
- Systkinadans m/vínarvals
- Samba P
- Enskur Waltz í hægri fót
- Jóládans / eða í skóginum
- Ýmsir leik-tjáningardansar, tískudans í vali hvers kennara.

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Tónlist, veraldarvefurinn og ýmsar bækur tengdar danslistinni.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Í kennslustofu án húsgagna þar sem eingöngu eru hljómfletningstæki, borð, tölva og myndvarpi.
- Sýnikennsla
- Sköpun
- Paravinna
- Einstaklingsvinna
- Hópvinna



Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Allir nemendur sem hafa getu til, stunda námið.
- Í einstaka tilfellum eru nemendur með stuðning með sér.
- Önnur námsúrræði eru fyrir þá sem t.d. þola illa hávaða og eiga af einhverjum öðrum orsökum erfitt með að stunda námið.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru:

Metið er hvort nemendur kunni þá dansa sem kenndir eru á skólaárinu, að auki er metin; virkni, leikni, samvinna, kurteisi og framkoma.

3.2. Sjónlistir - myndmennt

Tímafjöldi: kennt í smíðju. (3x í viku samtals 5 kennslustundir u.þ.b. 6 vikur í senn).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Þekkt grunnlitina og grunnformin (Þ)
- Unnið einfalt myndverk út frá grunnlitum og grunnformum (Þ/L)
- Klípt eftir línu (L)
- Sýnt virkni og vandað vinnubrögð (L/V)
- Unnið með línu á fjölbreyttan hátt (Þ/L)
- Litað innan línu (L)
- Þekkt grunnformin þrjú í tvívídd (Þ)
- Þekkt sex lita hring (Þ)
- Farið eftir fyrirmælum (Þ/V)
- Tekið virkan þátt í frágangi (V)

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Búa til stóra vinnumöppu til að geyma gögnin sín í.
- Skissubók.
- Vinna með formin á fjölbreyttan hátt., grunnform í frumlitum.
- Spora eftir formum og höndum.
- Mála mynd og gera litablöndur.
- Unnið með frumliti og sex litahring.

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Fjölbreytt myndlistarefni,
- pappír
- litir
- málning
- verkfæri.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Nemendur læri að þekkja helstu verkfæri og efni sem notuð eru við myndsköpun



- þjálfist í að beita þeim.
- Nemendur kynnist grunnformum, frumlitum og einfalda litablöndun
- læri að ganga vel um áhöld og efni.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Verkefni og verkþættir eru metnir út frá hæfniviðmiðum ásamt frammistöðu í tímum, virkni, vinnubrögðum og hæfni til að fara eftir fyrirmælum.

3.3. Tónmennt

Tímafjöldi: kennt í smiðju 2x á vetri. (40 mín. Kennslustund 3x í viku u.þ.b, 6 vikur í senn).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Hreyft sig óhindrað og frjálst með tónlist (L)
- Lært nokkur einföld sönglög utanbókar (P/L)
- Hlustað á tónlist og túlkað með myndverki (P/L)
- Tekið virkan þátt í samsöng (P/V)
- Lesið og klappað einfaldan takt (P/L)
- Þekkt skólahljóðfærin. píanó, hristu, sílafón og trommur (P)

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- syngi í hóp fjölbreytt lög og þulur
- leiki á einfalt skólahljóðfæri bæði hrynn- og lagrænt
- þjálfir taktskyn með einföldu hrynmynstri og áherslu gegnum hreyfingu
- hlusti á og sýni viðbrögð t.d. að túlka tónlistina með hreyfingu og teikningu
- þekki skólahljóðfærin og læri að umgangast þau

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- ýmsir söngtextar
- ýmis tónlist
- sérvalið efni sem er útbúið af kennara

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Nemendur fá kynningu á helstu skólahljóðfærum
- Fá kynningu á mismunandi tónlistarstílum og tónlist frá mismunandi löndum

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur fá sýnikennslu, spila með kennara og spila sjálfir
- Allir nemendur sem hafa getu til, stunda námið.
- Í einstaka tilfellum eru nemendur með stuðning með sér.
- Önnur námsúrræði eru fyrir þá sem t.d. þola illa hávaða og eiga að einhverjum öðrum orsökum erfitt með að stunda námið.



v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Viðfangsefni og verkefni eru metin út frá hæfniviðmiðum ásamt virkni í tímum, áhuga, framförum, frammistöðu, ástundun og tjáningu.

B. hluti - verkgreinar:**3.4. Heimilisfræði**

Tímafjöldi: kennt í smiðju. (3x í viku samtals 5 kennslustundir u.þ.b. 6 vikur í senn).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Eldað og bakað með aðstoð og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld (þ).
- Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif (þ).
- Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti (þ).
- Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti og samvinnu (þ/V).
- Tjáð sig á einfaldan hátt um flokkun úrgangs og endurvinnslu (þ).

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Aukin fræðsla um hreinlæti
- Geta útbúið einfaldar mat
- Aukin fræðsla um hollustu
- Að þekkja helstu mælitækin

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Gott og gaman – Heimilisfræði fyrir byrjendur
- Ljósrituð verkefni

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Nemendur fá kennslu í heimilsfræði í kennslueldhúsi, þar sem þeim er sýnt hvernig þeir eigi að bera sig að við notkun hinna ýmsu eldúsáhalda.
- Nemendur fá tækifæri til að spreyta sig í eldhúsinu og nota þá ýmis eldhúsáhöld.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur svo þeir læri út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur hvattir til að sýna sjálfstæð vinnubrögð.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Viðfangsefni og verkefni eru metin út frá hæfniviðmiðum ásamt frammistöðu í tímum, virkni, áhuga, umgengni, og vinnubrögðum.



3.6. Textílmennt og hönnun

Tímafjöldi: kennt í smiðju. (3x í viku samtals 6 kennslustundir u.þ.b. 6 vikur í senn).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Klippt út einföld form (L).
- Saumað saman tvo efnisbúta með þræðispori (L).
- Fjallað um mismunandi verkfæri í textílmennt (Þ).
- Hannað og skreytt eigið verkefni (L).
- Tekið þátt í umræðum um fagurfræðileg sjónarmið í einfaldri mynd s.s. lit, lögun, glaðlegt, hlýlegt, fallett (Þ/V).

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Nemendur sauma upphafsstafinn sinn
 - Þjálfast í að þræða grófa/milligrófa nál
 - Þjálfast í að nota rúðustrikað form/striga
 - Læra að sauma þræðispor
 - Þjálfa fínhyfingar
 - Temja sér vönduð vinnubrögð
- Nemendur sauma furðuveru
 - Þjálfast í að þræða grófa/milligrófa nál
 - Þjálfast í að sauma saman tvo efnisbúta
 - Þjálfast í að búa til snið og nota það á efni/filt efni
 - Þjálfa fínhyfingar
 - Læra að sauma þræðispor

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Skæri, form, nál, og ýmis efni frá kennara
- Verklýsingar gerðar af kennara

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla fram á eftirfarandi hátt:

- Kennslan fer fram á heimasvæði. Námsgreinin er kennd í lotum. Kennt er í 80 mínútna kennslustundum þrisvar í viku, 6 vikur í senn. Árganginum er blandað saman í hópa. Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:
 - Verkefni við hæfi
 - Fjölbreyttar kennsluáðferðir

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Áðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Viðfangsefni og verkefni eru metin út frá hæfniviðmiðum ásamt frammistöðu í tímum, virkni, áhuga, og vinnubrögðum



4. Náttúrugreinar

Tímafjöldi: 3 tímar (3 X 40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Hæfniviðmið

Hæfniviðmið til verklags:

Við lok árgangs geti nemandi:

- Hlustað á og rætt hugmyndir annarra (V)
- Tekið þátt í umræðum um málefni daglegs lífs (P/V).
- Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum (P).
- Útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt (P).
- Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni (P/L).
- Tekið þátt í umræðum um málefni sem varða náttúruna (P).
- Tjáð sig um atburði og athuganir, s.s. með teikningum eða eigin orðum (P).
- Tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum (P).
- Í máli og myndum miðlað hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum (P/L)

Hæfniviðmið eftir viðfangsefnum:

Við lok árgangs geti nemandi:

- Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru (P/V)
- Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því (V).
- Rætt hvernig tækni og uppfinningar nýtast í daglegu lífi (P).
- Þekkt heiti helstu líkamshluta (P).
- Þekkt heiti nokkurra helstu líffæra líkamans (P).
- Bent á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi (P).
- Lýst lífverum úr nánasta umhverfi sínu (P).
- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu (P/V).
- Sýnt félögum og náttúru alúð (V).
- Þekkt heiti íslensku húsdýranna, karldýr, kvendýr og afkvæmi (P).
- Tekið þátt í umræðum um hvaða áhrif maðurinn hefur á umhverfi sitt (P/V).
- Útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns (P/V).
- Útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi líkamans (P).
- Útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkt einkastaði líkamans (P).
- Þekkt hugtakið fæðuhringur og gert sér grein fyrir að holl fæða er samsett úr öllum flokkum hans (P).
- Flokkað úrgang (P)

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Líkami mannsins, næring og hollusta
- Nærumhverfi og fjölskyldan
- Húsdýr
- Endurvinnsla og flokkun úrgangs

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Komdu og skoðaðu líkamann
- Komdu og skoðaðu umhverfið



- Ég vil fisk (byrjendalæsi)
- Furðuverk (byrjendalæsi)
- Húsdýr (byrjendalæsi)
- Veraldarvefurinn
- Myndbönd

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Kennsluaðferðir byrjendalæsis
- Beinir innlagnir; spurnaraðferð, umræður, hugaflug með leiðsögn
- Sýnikennsla
- Tilraunir
- Sköpun; myndræn tjáning
- Vettvangsferðir
- Söng og leikræn tjáning
- Námsleikir og námsspil
- Paravinna og hópvinna
- Þrautalausnir

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Stuðst er við símat þar sem viðfangsefni og verkefni eru metin út frá hæfniviðmiðum með fjölbreyttum leiðum.

5. Samfélagsgreinar

Tímafjöldi: 2 tímar (2x40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Þekkt nærumhverfi sitt (Þ)
- Skilgreint fjölskylduhagi sína (Þ)
- Áttað sig á mismunandi fjölskyldugerðum (Þ)
- Tjáð sig upphátt (L)
- Sýnt ákveðið sjálfstæði (L)
- Þekkt helstu húsdýr á Íslandi, heiti karldýrs, kvendýrs og afkvæmis (Þ)
- Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi (V)

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Að nemendur þjálfist í að fara eftir fyrirmælum í leik og starfi í skólanum
- Að nemendur læri að taka tillit til annarra og virða rétt hvors annars
- Að nemendur læri að þekkja umhverfi sitt
- Að nemendur fræðist um Ísland og kynnist Íslandskorti
- Að nemendur kynnist helstu hátíðum kirkjuársins, jólum og páskum og þekki tilefni þeirra



iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Náms efni í tengslum við byrjendalæsi.
- SMT reglur – Vinátta, samvinna, ábyrgð.
- Komdu og skoðaðu umhverfið
- Ýmis verkefni
- Landakort
- Ýmis verkefni.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Fræðsla
- Ein skólaregla er kynnt í hverri viku
- Unnið með fjölbreytt vinaverkefni í vinaviku
- Umræður
- Hópa vinna, paravinna og einstaklingsvinna
- Myndræn úrvinsla
- Vettvangsferðir

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagna:

- Fjölbreyttir kennsluhættir
- Sýnikennsla
- Tekin mið af trúarbrögðum hvers og eins.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Stuðst er við símat þar sem viðfangsefni og verkefni eru metin út frá hæfniviðmiðum með fjölbreyttum leiðum.

6. Skólaíþróttir

6.1. Íþróttir

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 2 tímar (2 X 40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Heilsa og efling þekkingar
 - Iðkað íþróttir, leiki og útihlaup á skólalóð og í sínu nærumhverfi (L)
 - Haft jákvæða upplifun af íþróttaiðkun (V)
- Líkamsvitund, leikni og afkastageta
 - Þekkt muninn á röð, hring og hópi (P)



- Leyst af hendi verkefni og æfingar sem reyna á samhæfingu (L).
- Leyst af hendi verkefni og æfingar sem reyna á jafnvægi (L).
- Félagsslegir þættir
 - Sýnt samvinnu og tillitssemi í samskiptum við aðra (V).
 - Skilið mikilvægi þess að hafa leikreglur og farið eftir þeim (V).
 - Farið eftir fyrirmælum (þ/V).
- Öryggi og skipulagsreglur
 - Farið eftir reglum sem snúa að umgengni í íþróttahúsum og sundstöðum (þ/V).

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Grunnþættir líkams- og hreyfiproska
 - Líkamsstaða og líkamsbeiting, samhæfing, styrkur, þol, hraði, jafnvægi, liðleiki
 - Kynna nemendum fyrir fjölbreyttum íþróttum í einstaklings og hópíþróttir.
 - Með áherslu á hreyfingu og markvissa hreyfipjálfun, er lagður grunnur að heilsu
 - og velferð nemenda til lífstíðar.
 - Fræða skal nemendur um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar. Tekið er mið af þessu í íþróttakennslu.
 - Í skólaíþróttum er tækifæri fyrir hvern nemanda að læra að þekkja eigin líkama og skynja möguleika hans til tjáningar og sköpunar. Þannig má efla sjálfstraust og styrkja sjálfsmynd hvers einstaklings.

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Áhöld í íþróttasal
- Minni áhöld: Boltar, gjarðir, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, léttar dýnur, liðabönd, vesti, mjúkir boltar, badminton flugur og spaðar, bandý boltar og kylfur, combi sett, keilur, skeiðklukkur, málband, spilastokkur, mottur.
- Stærri áhöld: Kistur, kubbar, hestar, kaðlar, slár, badminton uppistöður, blak uppistöður, mörk, körfur, bekkir, stærri dýnur, stökkbretti, boltagrindur, boltanet.
- Áhöld í skóla og á skólalóð
- Minni áhöld: Boltar, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, mjúkir boltar, liðabönd, vesti, bandý kylfur.
- Stærri áhöld: Klifurbrautir, rólur, mörk, gervigrasvöllur, körfuspjöld, yfir veggur.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Kennsla í íþróttahúsi
 - Íþróttasalur
- Kennsla utanhúss
 - Skólalóð og nærumhverfi.



Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Kennluaðferðir
 - Sýnikennsla, endurtekningaráæfingar, námsleikir, stöðvaþjálfun, stöðugt þjálfunarálag, spurnaraðferðir, þrautalausnir og þrautabrautir, hlutverkaleikir, hermileikir, hópvinubrögð, frásögn og sagnalist, hugarflug, leikræn tjáning.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- Heilsa og velferð;
 - Markmiðasetning og framfarir
- Hreyfing og afkastageta;
 - Færni- og afkastagetupróf
- Félagslegir þættir og samvinna;
 - Virkni í kennslustundum
- Öryggi og skipulag;
 - Að fara eftir reglum, m.a. öryggisreglum í íþróttahúsi
 - Að fylgja fyrirmælum kennara og starfsmanna

6.2. Sund

Tímafjöldi: 1 x 40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár.

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Heilsa og efling þekkingar
 - Haft jákvæða upplifun af sundi (V).
- Líkamsvitund, leikni og afkastageta
 - Hefur sýnt fram á færni í skriðsundsfótatökum með eða án hjálpartækja (L).
 - Hefur sýnt fram á færni í baksundsfótatökum með eða án hjálpartækja (L).
 - Getur kafað eftir hring (L).
 - Getur hoppað af bakka (L).
- Félagslegir þættir
 - Sýnt samvinnu og tillitssemi í samskiptum við aðra (V).
 - Skilið mikilvægi þess að hafa leikreglur og farið eftir þeim (V)
 - Farið eftir fyrirmælum (V).
- Öryggi og skipulagsreglur
 - Farið eftir reglum sem snúa að umgengni í íþróttahúsum og sundstöðum (Þ/V).

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Grunnþættir líkams- og hreyfiproska
 - Að nemandi þjálfist í æskilegri líkamsstöðu í vatni og líkamsbeitingu, samhæfingu, liðleika, þoli, krafti, viðbragðs og hraða auk almennrar vatnsaðlögunar
- Með áherslu á hreyfingu og markvissa hreyfiþjálfun, er lagður grunnur að heilsu



og velferð nemenda til lífstíðar.

- Fræða skal nemendur um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar. Tekið er mið af þessu í íþróttakennslu.
- Í skólaíþróttum er tækifæri fyrir hvern nemanda að læra að þekkja eigin líkama og skynja möguleika hans til tjáningar og sköpunar. Þannig má efla sjálfstraust og styrkja sjálfsmýnd hvers einstaklings.

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Áhöld í sundlaug
 - Kútar, stór bretti, lítil bretti, sundfit, flotholt af ýmsum gerðum, kafhringir, boltar.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Kennsla fer fram í
 - Ásvallalaug
 - Unnið með sundkennsluleiðbeiningar í ákveðinn tíma til að styðja við nemendur til að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:
 - Við upphaf kennsluárs
 - Um mitt kennsluár
 - Við lok kennsluárs
- Heimanám (foreldrar)
 - Nemendur eru hvattir til að stunda sund utan skólatíma og mæta þannig kröfum námsins.
 -

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Kennsluaðferðir
 - Sýnikennsla, endurtekning, leikir, þolþjálfun, hópvinna, stöðvaþjálfun, samvinna.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Viðfangsefni og verkefni eru metin út frá hæfniviðmiðum ásamt frammistöðu í tímum, virkni, viðhorfi og áhuga.



7. Stærðfræði

Tímafjöldi: 5 tímar (200 mín. á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Leyst viðfangsefni í samvinnu við skólafélaga sína (P/L).
- Rætt við skólafélaga sína um stærðfræðiverkefni (P/L).
- Leyst viðfangsefni í samvinnu við skólafélaga sína og venjist því að ræða við þá um verkefni (P).
- Parað saman hluti úr umhverfinu, flokkað hluti í hópa og borið saman fjölda í hópunum (P).
- Notað staðsetningarhugtök, t.d. fyrir ofan, framandi o.s.frv (P)
- Nýtt sér leiðbeiningar til að leysa stærðfræðiverkefni (P).
- Lesið og skilið einföld stærðfræðiverkefni (P).
- Leyst einföld verkefni úr raunverulegum aðstæðum (P).
- Notað talnalínu við útreikninga (P).
- Notað mismunandi hjálpargögn, eins og kubba, talnagrindur (P)
- Tekið þátt í umræðum um þær upplýsingar sem súlurit gefa (P).
- Notað víxlreglu í samlagninu t.d. með kubbalengju (P).
- Leyst þrautir þar sem beita þarf útreikningum (P)
- Undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði (P).
- Kynnst ýmsum tæknibúnaði (P)
- Kynnst hugbúnaði/forriti fyrir töluleg gögn (P)

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Þrautalausnir
- Umræður um stærðfræðiverkefni
- Samvinnuverkefni
- Kynningar á verkefnum

iii. Námsgögn og kennslufni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Sproti 1 a, nemendahefti og æfingahefti
- Sproti 1 b, nemendahefti og æfingahefti
- Sproti 2 a, nemendahefti og æfingahefti
- Numikon kubbar
- Ýmis verkefni.

7.2. Tölur, reikningur og algebra

i Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Unnið með talnaþulur, fingravisur og talnarunur (P/L).
- Talið upp í hundrað (P).
- Skilið og unnið með tölur frá 1-20 (P)
- Notað tölur og talningu í daglegu lífi (P).



- Leyst verkefni með tiltölulega lágum tölum við raunverulegar aðstæður þar sem þarf að sameina fjölda, skipta eða bera saman (þ).
- Skilið og unnið með tölur frá 21-50 (þ).
- Skilið og unnið með tölur frá 51-100 (þ).
- Notað víxlreglu í samlagningu (þ).
- Haldið áfram með talnamynstur þar sem tölurnar fara ýmist stækkandi eða minnkandi (þ).
- Fundið óþekkta tölu í samlagningu (þ).
- Þekkt jafnaðarmerkið sem tákn fyrir jafn stórar stærðir (þ).

ii Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Talnagildi
- Talnalínur
- Talnamynstur
- Flokkun
- Einingar, tugir, hundruð
- Samlagning
- frádráttur
- jafnaðarmerkið

iii Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Sproti 1 a, nemendahefti og æfingahefti
- Sproti 1 b, nemendahefti og æfingahefti
- Sproti 2 a, nemendahefti og æfingahefti
- Numikon kubbar
- Ýmis verkefni.

7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi

i Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Skoðað nokkur einföld form og þekkt þau (þ).
- Gert sér grein fyrir tímaröð (þ)
- Þekkt form, þríhyrning, ferhyrning, hring, sívalning, kúlu og tening (þ).
- Flokkað form eftir lögun og eðli (þ).
- Vinni myndrænt með klukku, lesi heila tímann (þ).
- Borið saman lengdir (þ).
- Notað óstaðlaðar mælieiningar, þumlung, fet, blýanta, tannstöngla o.fl (þ).
- Notað orð eins og minni, minnstur og fleira (þ).
- Gert sér grein fyrir speglun og samhverfu (þ).
- Safnað saman og flokkað gögn í viðeigandi flokka (þ).
- Skráð athuganir sínar í einfalda töflu (þ).
- Lýst því hvað aðgreinir ólíka flokka (þ).



ii Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Form
- Flokkun
- Klukka og tími
- Mælingar
- Spegln
- myndrit

iii Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Sproti 1 a, nemendahefti og æfingahefti
- Sproti 1 b, nemendahefti og æfingahefti
- Sproti 2 a, nemendahefti og æfingahefti
- Numikon kubbar
- Ýmis verkefni.

iv Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Innlögn í heimakrók
- Hópavinna, paravinna, stöðvavinna.
- Umræður í heimakrók

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Fjölbreyttir kennsluhættir
- Sér innlagnir í minni hópum.

v Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Stuðst við símat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda og vinnu í kennslustundum auk þess sem lagðar eru fyrir stuttar kannanir á ákveðnum námsþáttum.

8. Upplýsinga- og tæknimennt

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla skal unnið með upplýsinga- og tæknimennt sem þverfaglegt námssvið og samþætta við sem flestar námsgreinar og námssvið. Því eru öll hæfniviðmið í upplýsingatækni skráð undir aðrar námsgreinar þar sem þau eru metin. Að auki eru undirstöðuatriði í upplýsingatækni kennd eina kennslustund vikulega sem hluti af smiðjum yfir tvö tímabil, u.þ.b. 12 vikur.

